



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið,
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Reykjavík 16. maí 2024

Efni: Vegna fyrirhugaðrar lokunar meðferðardeildar Stuðla

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að meðferðardeild Stuðla komi til með að loka í fjórar vikur, frá 12. júlí til 8. ágúst nk. Hér er um að ræða stofnun sem veitir börnum í viðkvæmri stöðu mikilvæga þjónustu. Þessi börn eiga líkt og önnur börn rétt á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á í samræmi við 24. gr. Barnasáttmálans. Má í því sambandi benda á að 2. gr. Barnasáttmálans kveður á um skyldu stjórnvalda til þess að tryggja öllum börnum réttindi sín, án mismununar. Það er mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um það að 2. gr. Barnasáttmálans getur krafist þess að gripið sé til sérstakra ráðstafana með það að markmiði að ákveðnir hópar barna fái notið réttinda sinna til jafns við önnur börn. Það gefur augaleið að bið barns eftir nauðsynlegri þjónustu líkt og þessari er til þess fallinn að vandi barnsins verði umfangsmeiri.

Markmið laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er m.a. að skapa aðstæður til þess að hægt sé að bregðast fyrir við þörfum barna fyrir stuðning. Í greinargerð laganna er töluvert fjallað um mikilvægi snemmtæks stuðnings m.a. til þess að hægt sé að fyrirbyggja að vandi barna verði umfangsmeiri. Í febrúar sl. biðu sjö börn eftir þjónustu meðferðardeildar Stuðla og meðalbiðtími þar voru 66 dagar. Umboðsmaður barna telur það ekki samræmast markmiðum laga nr. 86/2021 um snemmtæka íhlutun að loka úrræðum sem nú þegar er bið eftir.

Samkvæmt Barnasáttmálanum skulu allar ákvarðanir og/eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn byggðar á því sem þeim er fyrir bestu sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Mat á því sem er börnum fyrir bestu á ávallt að liggja til grundvallar ákvarðanatöku af hálfu hins opinbera. Slíkt mat ber að framkvæma áður en ráðist er í aðgerðir sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir því að mennta- og barnamálaráðuneytið veiti umboðsmanni barna upplýsingar, eftir atvikum með atbeina Barna- og fjölskyldustofu um hvort það standi til að loka meðferðardeild Stuðla frá 12. júlí til 8. ágúst nk. Ef sú ákvörðun hefur verið tekin óskar umboðsmaður barna jafnframt eftir því að fá upplýsingar um það hvort og þá hvernig mat hafi verið lagt á bestu hagsmuni barna við ákvarðanatöku um lokun meðferðardeildar Stuðla yfir umrætt tímabil. Þess er óskað að svör berist umboðsmanni barna eigi síðar en 30. maí nk.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna